

Heilsuleikskólinn Álfasteinn óskar eftir að ráða leikskólakennara eða starfsmann með aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi frá 4. janúar nk. Vinnutími er frá 9:00 – 16:00 en möguleiki á auknu starfi.

Leikskólinn er verðandi 3ja deilda skóli. Ungbarnadeild fyrir 1-2 ára börn og tvær deildir fyrir 3 til 6 ára börn.

Einkunnarorð skólans eru “Með sól í hjarta” og er mikil áhersla lögð á gleði og vellíðan barna, næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Einnig er unnið með jákvæðan aga og grænánaverkefni Landverndar.

Starfssvið leikskólakennara

Starfar samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara í kjarasamningum FL, lögum og reglugerðum um leikskóla, öðrum lögum er við eiga s.s. aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi.
- Reynsla af starfi með börnum er kostur.
- Óskað er eftir sjálfstæðum, ábyrgum og jákvæðum einstaklingi.
- Mikilvægt er að viðkomandi sé mjög góður í mannlegum samskiptum, hafi frumkvæði, sé sveigjanlegur í starfi og tilbúin að takast á við skemmtilegt og krefjandi starf.
- Mjög góð færni í íslensku, bæði í töluðu og rituðu máli.
- Góð tölukunnátta er nauðsynleg.



Leitað er eftir fólki sem hefur gleði og ánægju af að starfa með börnum. Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um áherslur í starfi leikskólans má sjá á heimasíðu skólans: alfasteinnhorgarsveit.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags leikskólakennara.

Ef ekki fæst leikskólakennari eða einstaklingur með aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi eru aðrar umsóknir teknar til skoðunar og eru þá laun samkvæmt kjarasamningi SGS og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember nk. og skal umsóknum skilað, ásamt ferilskrá á alfasteinn@horgarsveit.is Upplýsingar gefa Hugrún Hermannsd. skólastjóri eða Sigríður Þorsteinsd. aðstoðarskólastjóri í síma 460-1760, netfang alfasteinn@horgarsveit.is